

**Fundargerð  
Ársfundur 18. júní 2025**

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var haldinn miðvikudaginn 18. júní 2025 kl. 12:00. Dan Brynjarsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann stakk upp á sjálfum sér sem fundarstjóra og Einari Ingimundarsyni sem fundarritara.

Í upphafi gerði hann grein fyrir boðun fundarins og komu engar athugasemdir fram og úrskurðaði hann fundinn því lögmætan. Var þá gengið til dagskrár.

**1. Skýrsla stjórnar**

Dan fjallaði um starfsemi sjóðsins á árinu 2024. Í yfirferð hans kom fram að reksturinn hafi, eins og undanfarin ár, verið í föstum og traustum skorðum. Eignir voru metnar á gangvirði og er ársreikningurinn byggður á því og á að gefa nokkuð glögga mynd af eignastöðu sjóðsins í árslok 2024.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 14.636 milljónum króna og hækkaði um 4,3% frá fyrra ári.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 10,7% og hrein raunávöxtun 5,7% samanborið við 7,7% nafnávöxtun og -0,3% raunávöxtun á árinu 2023.

Meðalraunávöxtun s.l. 5 ára er 2,2% og 3,1% ef horft er til síðustu 10 ára sem er undir ávöxtunarmarkmiði en til marks um íhaldssama fjárfestingarstefnu.

**2. Afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðileg úttekt**

Framkvæmdastjóri, Jóhann Steinar Jóhannsson, gerði grein fyrir helstu þáttum ársreiknings; rekstri, efnahag og sjóðstreymi. Hann rakti iðgjaldapróun, fjölda greiðandi sjóðfélaga, lífeyrisgreiðslur og hvernig lífeyrisbyrði sjóðsins hefur þróast.

Að lokinni yfirferð um ársreikning gerði framkvæmdastjóri grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins m.v. athugun Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði um 42 milljónir króna á árinu. Áfallnar skuldbindingar nema því 11.051 milljónum króna umfram eignir (neikvæð um 42,7%). Eignir sjóðsins duga fyrir um 57,4% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2% ársvexti umfram launabreytingar.

Að loknum stuttum umræðum um ársreikninginn og tryggingafræðilega stöðu var reikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.

**3. Kynning á fjárfestingarstefnu**

Framkvæmdastjóri fór því næst yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins og ávöxtun síðasta árs. Hann ræddi m.a. ávöxtunar- og áhættumarkmið sjóðsins.

**4. Stjórnarkjóri lýst**

Fundarstjóri greindi frá skipan stjórnar LSA fyrir næsta starfsár. Engar breytingar eru lagðar til á stjórn enda fylgir skipunartími í stjórn LSA kjörtímabili bæjarstjórnar (2022-2026). Stjórn verður því áfram skipuð eftirtöldum:

- Stjórnarformaður tilnefndur af bæjarstjórn: Dan Jens Brynjarsson, sviðsstjóri fjársýslusviðs Akureyrarbæjar
- Stjórnarmenn tilnefndir af bæjarstjórn: Gunnar Líndal Sigurðsson og Snæbjörn Sigurðarson
- Stjórnarmenn tilnefndir af Kili: Arna Jakobína Björnsdóttir og Hanna Rósa Sveinsdóttir
- Varamenn tilnefndir af bæjarstjórn: Halla Björk Reynisdóttir og Gunnar Már Gunnarsson
- Varamenn tilnefndir af Kili: Árni Egilsson og Hafdís Erna Ásbjarnardóttir

## **5. Kosning löggilts endurskoðanda**

Fundarstjóri lagði fram tillögu stjórnar um að KPMG verði kosið endurskoðunarfyrirtæki sjóðsins.

**Tillagan var samþykkt samhljóða.**

## **6. Kosning óháðs aðila í endurskoðunarnefnd**

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar sjóðsins um að Ragna Huld Hjartardóttir verði kjörin óháður aðili í endurskoðunarnefnd sjóðsins.

**Tillagan var samþykkt samhljóða.**

## **7. Samþykktarbreytingar**

Einar Ingimundarson lögmaður fór þessu næst yfir tillögur stjórnar að samþykktarbreytingum. Stjórn sjóðsins leggur til breytingar á fjórum greinum samþykktar sjóðsins og er tilgangur þeirra að liðka fyrir fyrirhuguðum samruna LSA við Brú lífeyrissjóð með því að samræma ákvæði í samþykktum LSA að þeim ákvæðum í samþykktum Brúar sem snúa að sjóðsdeildum eldri sveitarfélagsjóða sem runnið hafa saman við Brú á síðustu árum.

Um nánari atriði í tillögunum vísast til framlagðrar greinargerðar.

**Að lokinni yfirferð var tillagan samþykkt samhljóða.**

## **8. Samruni við Brú**

Undanfarna mánuði hefur stjórn LSA kannað fýsileika þess að sameina sjóðinn við Brú lífeyrissjóð (Brú).

Þann 20. desember sl. birti sjóðurinn fréttatilkynningu á heimasíðu sjóðsins þar sem greint var frá því að stjórn hafi undirritað viljayfirlýsingu um samruna sjóðsins við Brú frá og með 1. janúar 2025, þannig að sjóðurinn yrði sérstök deild í þeim sjóði. Í viljayfirlýsingunni segir að slíkur samruni fæli í sér að réttindi og réttindaávinnsla sjóðfélaga yrði óbreytt og að eignir og skuldbindingar sjóðsins yrðu algjörlega aðskildar frá öðrum eignum og skuldbindingum Brúar. Viljayfirlýsingin var gefin út á grunni bókana bæjarráðs Akureyrarbæjar annars vegar og stjórnar Kjalar stéttarfélags hins vegar, þar sem framangreindir aðilar samþykktu að farið yrði í fýsileikakönnun á samruna LSA og Brúar.

Framangreind vinna hefur nú skilað þeirri niðurstöðu að stjórn telur rétt að gera samning við Brú um samruna og kynnti JSJ drög að fyrirhuguðum samrunasamningu og helstu atriði þeirra.

Engar athugasemdir komu fram varðandi fyrirhugaða samrunavegferð og verður henni því haldið áfram samkvæmt áætlun stjórnar.

## 9. Ákvörðun um laun stjórnarmanna

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um að laun stjórnar og endurskoðunarnefndar verði í samræmi við „Reglur um launakjör og starfsaðstöðu bæjarfulltrúa og nefndarmanna hjá Akureyrarbæ“.

Tillaga stjórnar er því eftirfarandi:

- Stjórnarmenn: 65.279 fyrir hvern setinn fund
- Formaður stjórnar: 171.358 fyrir hvern setinn fund
- Varamaður: 65.279 fyrir hvern setinn fund
- Nefndarmenn: 65.279 fyrir hvern setinn fund

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## 10. Önnur mál

Að lokum þakkaði fundarstjóri starfsmönnum og stjórn fyrir gott samstarf á starfsárinu og á fundinum. Aðrir stjórnarmenn tóku undir og þökkuðu hverjir öðrum fyrir samstarfið.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 12:31.

Fundarstjóri

Dan Jens Brynjarsson

Fundarritari

Einar Ingimundarson

## Undirritunarsíða

Fundarstjóri  
Dan Jens Brynjarsson

Fundarritari  
Einar Ingimundarson